

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2022, miðvikudaginn 9. mars kl. 9:04, var haldinn 131. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Ragna Sigurðardóttir og Katrín Atladóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Geir Finnsson, Eypór Laxdal Arnalds, Ólafur Kr. Guðmundsson og áheyrnarfulltrúarnir Anna Maria Wojtynska, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtalinn starfsmaður sat fundinn með rafrænum hætti: Inga Rún Sigurðardóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. mars 2022.

2. Köllunarklettsvegur 1, breyting á (01.330.9) deiliskipulagi Mál nr. SN210759

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hallgríms Þórs Sigurðssonar dags. 8. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst hækkun á núverandi byggingu úr tveimur hæðum í fjórar hæðir, stækkun á byggingarreit til suðvesturs til að koma fyrir viðbyggingu fyrir flóttastiga og breyting á fjölda bílastæða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021. Einnig er lagt fram skuggavarp Arkþing - Nordic ehf. dags. 19. nóvember 2021. Tillagan var auglýst frá 21. desember 2021 til og með 2. febrúar 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Arnar V. Arnarsson og Auður Katrín Víðisdóttir, dags. 29. janúar 2022, Diljá Agnarsdóttir og Hrafn Þorri Þórisson dags. 1. febrúar 2022 og Rakel Björk Benediktsdóttir dags. 2. febrúar 2022. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Þórdísi Völu og fjölskyldu dags. 3. janúar 2022 og Maríu Arnardóttur dags. 4. febrúar 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. febrúar 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Við lestur athugasemda virðist sem ekki hafi verið haft samráð við íbúa þarna í nágrenninu. Athugasemdir snúa að því hvernig lóðin verði nýtt til frambúðar og þessi stóri og vel staðsetti reitur ætti að verða hluti af þeirri heildar uppbyggingu svæðisins sem hljóti að verða að veruleika á næstu árum. Stóra matvöruverslun vanti t.a.m. í hverfið og ekki sé umhverfisvænt

að þurfa að fara í önnur hverfi eftir vistum. Svæðið ætti að nýta svæðið til uppbyggingar á innviðastarfsemi sem styrki hverfið, t.a.m. verlanir, leikskóla og heilsugæslu. Í athugasemdunum eru margar gagnlegar tillögur sem taka ætti mark á en ekki vísa á bug.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

### **(B) Byggingarmál**

3. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1153 frá 1. mars 2022.

### **(E) Samgöngumál**

4. Víkurvegur, Borgarvegur, áframhaldandi Mál nr. US220065  
undirbúningur og verkhönnun hringtorgs,  
tillaga - USK22030045

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags.

3. mars 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á gatnamótum Víkurvegur og Borgarvegur sem hringtorgs, ásamt gerð nýrrar endastöðvar Strætó við Egilshöll.

Samþykkt.

5. Lækkun leyfilegs hámarkshraða á Mál nr. US220064  
Bústaðavegi, frá Kapellutorgi að  
Snorrabraut, tillaga Vegagerðarinnar -  
USK22010020

Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 4. mars 2022 ásamt tillögu Vegagerðarinnar, dags. 10. febrúar 2022, um að lækka hámarkshraða á Bústaðavegi frá Kapellutorgi að Snorrabraut úr 60 í 50 km á klst.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

6. Ýmis sérákvæði innan lóðar við Mál nr. US220066  
Úlfarsbraut 126, Dalskóli / Íþróttamiðstöð,  
tillaga - USK22010020

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 3. mars 2022:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð innan lóðar við Úlfarsbraut 126: - Að einstefna verði til austurs á akbraut á austurluta lóðarinnar, norðan hússins. - Að fimm bílastæði norðan hússins verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. - Að tvö bílastæði norðan hússins verði merkt sem stæði fyrir hóp bifreiðar. - Að á svæði við miðja lóðina, norðan hússins og sunnan við Gerðarbrunn 16 - 26, verði að hámarki heimilt að leggja ökutækjum í 10 mínútur í senn í almenn stæði. Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 285/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

### (C) Ýmis mál

7. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um götunafnabreytingu Mál nr. US220060

Nafnanefnd verði falið að breyta nafni Garðastrætis í Kænugarðsstræti, eða finna annan viðeigandi stað eftir atvikum. Tengsl Íslands og Kænugarðs ná yfir þúsund ár eins og lesa má um í fornum ritum. Enn þann dag í dag eru talsverð viðskipti og menningarleg tengsl milli Íslands og Úkraínu. Í dag er hart sótt að Úkraínu og höfuðborg hennar. Það er því við hæfi að minnst Kænugarðs að fornu og nýju með því að nefna götu í Reykjavík Kænugarðsstræti.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:

Nafnanefnd er falið að gera tillögu að götu eða torgi í Reykjavík sem kennd væru við Úkraínu eða Kænugarð. Nefndinni er falið að koma með tillögur að mögulegum staðsetningum og nöfnum og skila þeim til skipulags- og samgönguráðs.

Samþykkt.

8. Hlíðarendi - Reitir G, H og I, breyting á (01.62) Mál nr. SN210489 deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. febrúar 2022 vegna samþykktar borgarráðs 24. febrúar 2022 á breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I.

9. Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á (01.19) Mál nr. SN210771 deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. mars 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut.

10. Vitastígur 9 og 9A, breyting á skilmálum (01.174.0) Mál nr. SN210809  
deiliskipulags

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. mars 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg.

11. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US220026  
varðandi íbúa við Hlemm, umsögn

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 7. mars 2022.

Tillagan er felld. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Viðreisnar og Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Eins og fram kemur í umsögn sviðsins eru djúpgámalausnir almennt tæplega mögulegar á reitnum vegna plássleysis í borgarlandi og flókins lagnanets neðan yfirborðs. Tillagan er því felld.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til að fundinn verði staður fyrir djúpgáma við Hlemm. Við Hlemm býr fólks sem átt hefur í mesta basli með að koma frá sér sorpi. Einnig var lagt til að íbúum Hlemm verði gefið formlegt leyfi til að aka bíl sínum upp að dyrum til að afferma vörur/vistir eða ef flytja þarf þunga hluti inn á heimilið. Tillagan er felld. Í svari er gengist við vandamálinu með sorpið og nefnt að mögulega sé hægt að leysa málið með sameiginlegri sorpgeymslu á vegum húseiganda, innan þessara lóða. Í bókun meirihlutans er vandamálið sagt vera plássleysi og flókið lagnanet. Vandamálið er skilgreint og af hverju er þá ekki gengið í að leysa það? Ekki er brugðist við tillögunni, hvorki í svari né bókun hvort íbúar getið ekið bíl sínum að dyrum til að afferma vörur. Af svari má almennt skilja sem svo að það skortir alveg samráð við þá íbúa við Hlemm sem búa á reitnum sem afmarkast af Hlemmi, Snorrabraut og Hverfisgötu. Framhaldstillaga Flokks fólksins er að skipulagsyfirvöld hafi viðhlítandi samráð við þessa íbúa og leysi bæði þessi vandamál.

12. Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Mál nr. US220033  
vegna lóða og byggingarrétta, umsögn

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 25. febrúar 2022.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg undir stjórn Dags B. Eggertssonar hefur gefið olíufélögunum og fleiri aðilum lóðir og þar með byggingarétt á besta stað í borginni. Þar með er hann þátttakandi í að umbreyta félögunum í fjárfestingar- og fasteignafélög. Það eitt og sér er forkastanlegt. Varðandi Minjavernd á þeim lóðum sem um er spurt koma ekki allar upplýsingar fram miðað við ábendingar sem hafa borist. Minjavernd hefur einnig haft afskipti af byggingum í Skógarhlíð 16 og þar að auki lóð á Laugavegi 120 þar sem Næturvaktin var tekin upp sem er í framtíðarsamningum

bensinstöðvardílsins og ekki er spurt um. Á svarinu er ljóst að N1 ræður skipulagsvinnu Reykjavíkur því ráðgjafi á þeirra vegum hélt yfirlitskygningu fyrir verkefnastjóra á skrifstofu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur. Reykjavíkurborg hefur gefið frá sér skipulagsvaldið til þriðja aðila á flestum uppbyggingarreitum í borginni. Það er ekki heimilt samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í svarinu felst að ekkert lá á að gera samninga við olíufélögin og ekki liggur fyrir áætlun hvenær deiliskipulagsgerð ofangreindra lóða lýkur. Í þessum málum hefði átt að flýta sér hægt og forðast samningsmistök eins og nú blasir við að voru gerð. Þessi mistök munu kunna að leiða til þess að núverandi lóðarhafar hagnist verulega á breyttri lóðanotkun, hagnaður sem hefði ella ratað beint í borgarsjóð.

13. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um fundargerðir skipulagsfulltrúa Mál nr. US220061

Lagt er til að í fundargerðum skipulagsfulltrúa komi skýrt fram afgreiðsla erinda með því að láta umsögn skipulagsstjóra fylgja fundargerð og/eða draga saman niðurstöðu umsagnar inn í fundargerð. Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga sem hér er lögð fram og framvísað er um að í fundargerðum skipulagsfulltrúa komi skýrt fram afgreiðsla erinda með því að láta umsögn skipulagsstjóra fylgja fundargerð og/eða draga saman niðurstöðu umsagnar inn í fundargerð. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta þörf tillaga enda gefa fundargerðir oft allt of litlar upplýsingar um hvað fór fram á fundunum.

14. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins auk fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um útstandandi tillögur og fyrirspurnir Mál nr. US220062

Óskað er eftir yfirliti, sundurliðað eftir flokkum hvað margar fyrirspurnir liggja inni á skipulags- og samgöngusviði ósvaraðar. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir óafgreiddar tillögur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

15. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um orkukosti í samgöngum Mál nr. US220043

Í Loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar eru meðal annars nefndir orkukostir í samgöngum þar sem ekki er annað að sjá að notkun rafmagns, vetnis, metans og rafeldsneyti séu lagðir að jöfnu. Þekkt er að metan er verðlaust

á söfnunarstað og rafmagn er góður kostur. Rafmagni er hægt að hlaða á rafgeyma og það má einnig nota á farartæki sem eru sítengd við rafmagn. Bæði lestir og strætisvagnar eru knúin með þessum hætti víða um lönd. En notkun vetnis og rafeldsneytis er ekki eins útbreitt. Fulltrúi Flokk fólksins spyr um samanburð á orkugjöfunum metani, rafmagni, vetni, og rafeldsneyti. Hver er orkunýting við framleiðslu vetnis og rafeldsneytis? Hafi slíkur samanburður ekki verið gerður er farið fram á að það verði gert, annars er ekki hægt að bera kostina saman.

Fyrirspurninni er vísað frá. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Viðreisnar og Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnum er ætlað að afla upplýsinga um það sem á sér stað innan stjórnsýslu sveitarfélags. Hér er verið að leggja til vísindarannsókn en slíkt fellur ekki undir verkswið skipulags- og samgönguráðs. Fyrirspurninni er vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurninni er vísað frá án umsagnar með þeim rökum að með henni sé ekki verið að afla upplýsinga um það sem á sér stað innan stjórnsýslu sveitarfélags. Hér sé verið að leggja til vísindarannsókn en slíkt fellur ekki undir verkswið skipulags- og samgönguráðs segir í bókun meirihlutans með frávisuninni. En það er rangt, það er ekki verið að fara fram á vísindarannsókn, heldur að fá það á hreint með hvaða hætti litið er á mismunandi orkugjafa. Það hlýtur t.d. að skipta máli að nýting vetnis verður um 80% minni en nýting rafmagns beint. Slíkar upplýsinga verða að liggja fyrir þegar ákvarðanir eru teknar um mismunandi orkugjafa. Hjá núverandi meirihluta er oftast ekki annað að sjá en að notkun rafmagns, vetnis, metans og rafeldsneytis séu lögð að jöfnu. Þekkt er að metan er verðlaust á söfnunarstað og rafmagn er góður kostur. Rafmagni er hægt að hlaða á rafgeyma og það má einnig nota á farartæki sem eru sítengd við rafmagn. Bæði lestir og strætisvagnar eru knúin með þessum hætti víða um lönd. En notkun vetnis og rafeldsneytis kosta einfaldlega að miklu meira af orku en að nota rafmagn beint. Það kemur skipulagsmálum við.

16. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um vetrarþjónustu Reykjavíkur

Mál nr. US220051

Þann 21.02.2022 fengu allir borgarfulltrúar og fleiri bréf frá starfsmönnum vetrarþjónustu sem lýsa mikilli óánægju og vanlíðan. Segir í texta með bréfinu að "bréf þetta fjallar um það sem við teljum vera þekkingarleysi, ófullnægjandi aðbúnað, óboðlegt vaktafyrirkomulag og mismunun í garð starfsfólks sem sér um vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar". "Í öðru lagi fjallar það um skoðanakúgun, forsjárhyggja, einelti, þöggun og mismunun sem við teljum að viðgangist innan borgarkerfisins. Mikið af gögnum og vitnisburðum liggur fyrir varðandi þessi mál sem setja má fram síðar." Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum og skýringum á hvað veldur þessari miklu óánægju sem hér er lýst. Óvenjulegt er að fá bréf sem þetta frá öllum starfsmönnum í einni af deildum borgarinnar. Ætla að mikið þurfi til til að viðkomandi telji sig knúinn til að ákalls sem þetta. Má rekja þetta kannski til yfirstjórnar? Bréf verkstjórans lýsir grafalvarlegri stöðu. Fulltrúi

Flokks fólksins spyr, hvað á að gera, hvernig á að bregðast við. Við þetta er ekki hægt að una? Því fer Flokkur fólksins fram á það að fá upplýsingar um það úrbótaferli sem átti að vera í gangi og hvað mun verða gert nú þegar þessar ábendingar hafa borist.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

17. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi Loftkastalamálið í Gufunesi Mál nr. US220052

Fram hefur komið frá umhverfis- og skipulagssviði að skoða eigi enn frekar með opnum huga mögulegar lausnir til að koma til móts við umkvartanir hagsmunaaðila. Gera á athuganir með hönnuðum verksins og utanaðkomandi ráðgjöfum. Eftir það á að boða hagaðilum til fundar og kynna niðurstöðuna. Þessi svör og viðbrögð eru einfaldlega ekki nógu góð að mati fulltrúa Flokks fólksins. Spurt er hvort það standi fyrir dyrum að Sviðið gera athuganir á sjálfu sér? Einnig er spurt hvar samráð er statt í öllu þessu máli eins og einmitt hefur verið tiltekið að eigi að hafa í umsögn fyrir framkvæmdaleyfi frá Umhverfis- og skipulagssviði? Hingað til hefur ekkert samráð átt sér stað vegna aðkomu að húsunum og öðrum þáttum sem hefði þurft að hafa samráð um, í tæp 3 ár. Það svar sem hefur verið gefið er allt of loðið og óljóst. Heldur hefur ekki verið gefinn upp neinn tímafrestur á t.d. þessari "athugun"

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

18. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir, um Vogabyggð Mál nr. US220069

1. Hvenær er áætlað að útilistaverkið Pálmatré í Vogabyggð verði fullbúið?
2. Er uppbygging hverfisins á áætlun?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 10:09**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Geir Finnsson  
Hjálmar Sveinsson  
Ólafur Kr. Guðmundsson

Ragna Sigurðardóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 1. mars kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1153. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir. Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurbakki 2 (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060528  
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 þar sem eignarhaldi rýmis 0103 er breytt í Landsbankanum sem er mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi
2. Austurstræti 4 (11.404.02) 100845 Mál nr. BN060597  
650269-6839 Thorvaldsensfélagið, Austurstræti 4, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir salerni á þakhæð, rými 0301, í húsi á lóð nr. 4 við Austurstræti.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 16 febrúar 2022 .  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Álfab. 12-16/Þönglab. (46.035.03) 111722 Mál nr. BN059218  
411091-1209 Garðheimar Gróðurvörur ehf., Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja garðyrkjumiðstöð, stálgrindarhús, klætt álsamlokueiningum og gleri á lóð nr. 6 við Álfabakka.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg, verkfræðistofa dags. 20. apríl 2021, greinargerð um lóðarhönnun frá Landslag dags. 17. febrúar 2022 og yfirlit breytinga.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022.  
Stærð, A-rými: 6.862,2 ferm., 43818,8 rúmm.  
B-rými: 513,1 ferm., 1.693,2 rúmm.  
Samtals: 7.375,3 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
4. Ármúli 32 (12.932.01) 103808 Mál nr. BN060505

660402-6750 Sameind ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN057528, um er að ræða reyndarteikningar í kjölfar athugasemda við öryggisúttekt sem felast í að breyta aðkomu við aðalinngang, fækka bílastæðum, síkka glugga á norðausturhlið, bæta við loftræsikerfi á þaki bakhúss, inngangur starfsmanna að verönd færður, veggur og hurð við kæli fjarlægður, tilbúinn kæli settur inn í stað þess, lagna/tæknirými stækkað, þrepum bætt við í stað pallalyftu og handlaug færð í blóðtökuherbergi í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.

Stærð: Óbreytt

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. febrúar 2022, umboð eiganda móttakið 17. febrúar 2022, umsögn burðarvirkishönnuðar ásamt skýringarmynd dags. 8. febrúar 2022 og bréf framkvæmdarstjóra vegna aðgengismála dags. 11. febrúar 2022.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2022.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

5. Ásvegur 11 (13.531.21) 104239 Mál nr. BN060482

Auður Jóna Erlingsdóttir, Hamrabbyggð 16, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054381 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð, breyta gluggapóstum og til að gera verönd á þaki bílskúrs við hús á lóð nr. 11 við Ásveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2022.

6. Barmahlíð 36 (17.101.02) 107142 Mál nr. BN060114

Valdimar Hólm Skarphéðinsson, Barmahlíð 36, 105 Reykjavík

Njáll Pétur Þorsteinsson, Barmahlíð 36, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. komið fyrir vöskum í þrjú rými og helluborðum í tvö rými í kjallara í húsi á lóð nr. 36 við Barmahlíð.

Stærð er: Óbreytt.

Erindi fylgir afrit skilaboða vegna fyrirspurnar til skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2021 og yfirlit breytinga unnið á samþykktum uppdráttum.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

7. Bíldshöfði 9 (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060533

421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að innréttu verslun, lager og veitingasölu í flokki I, teg. c, fyrir 12 gesti í rými 0115, gera milligólf fyrir loftræsisamstæðu fyrir ofan lager, rými 0117, síkka glugga, bæta við gluggum og gera tvo nýja innganga á vesturhlið á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Gjald kr.12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

8. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr. BN060598  
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055486 þannig að viðbygging er stækkuð og millipallur er stækkaður og stigi gerður niður á lager í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg  
Umsögn brunahönnuðar fylgir dags. 17. febrúar 2022 fylgir  
Stækkun er millipalls og viðbyggingu er: 245,1 ferm., 1021,5 rúmm.,  
Gjald kr.12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi
9. Brautarholt 20 (12.422.07) 103036 Mál nr. BN060633  
670193-2849 Byggingarfélagið Upprisa ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056695, salarhæðir eru leiðréttar vegna breytinga á þakvirki og rýmisnúmer svala eru breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 20 við Brautarholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi
10. Faxafen 14 (14.662.01) 195611 Mál nr. BN059944  
710815-2670 Theo fasteignafélag ehf., Reykási 16, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til skipta niður rými 0101 og innréttu í öðrum hlutanum hárgreiðslustofu fyrir alls 30 manns og koma fyrir kaffistofu og snyrtingu á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 14 við Faxafen.  
Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
11. Fálkagata 19-21 (15.532.12) 106557 Mál nr. BN060629  
Helgi Steinar Helgason, Fálkagata 21, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að innra fyrirkomulagi íbúðar 0301 hefur verið breytt þannig að eldhús var fært þar sem áður var hjónaherbergi, opnað á milli eldhúss og stofu, tveimur herbergjum breytt í hjónaherbergi og herbergi gert þar sem áður var eldhús, í húsi á lóð nr. 21 við Fálkagötu.  
Erindi fylgir bréf frá lagnahönnuði dags. 17. febrúar 2022.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar ódags.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
12. Fiskislóð 20-22 (10.877.01) 100013 Mál nr. BN060618  
620518-1820 Valkyrie Tattoo ehf., Fiskislóð 22, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. í rými 02-0101 hefur verið skipt upp með uppsetningu milliveggs, komið fyrir eldhúsi og ræstingu, á annarri hæð hefur verið komið upp milliveggjum. Samhliða reyndarteikningum er sótt um leyfi fyrir húðflúrstofu með breytingum á innra skipulagi því til samræmis í húsi nr. 22 á lóð nr. 20-22 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. febrúar 2022.

Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

13. Flókagata 19 (12.444.09) 103202 Mál nr.  
BN060626
- Jón G Hálfðanarson, Flókagata 19, 105 Reykjavík  
Kristín Steinsdóttir, Flókagata 19, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á rishæð og til að innrétta íbúð í rishæð fjölbýlishúss á lóð nr. 19 við Flókagötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. í febrúar 2022, lóðauppdrátt dags. 13. nóvember 1979.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
14. Freyjugata 30 (11.960.02) 102630 Mál nr.  
BN060593
- 511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056130, fjarlægja hluta af steyptri girðingu að borgarlandi og bæta við tveimur bílastæðum með rafmagnshleðslustöð á suðaustur horni lóðar nr. 30 við Freyjugötu.  
Erindi fylgir samþykki eiganda íbúðar 0001 dags. 15. febrúar 2022, breytingarblað 1.1960 dags. 9. febrúar 2011 og A3 afrit af aðaluppdrætti samþykktum 3. september 2019.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
15. Grensásvegur 9 (14.611.01) 105665 Mál nr.  
BN060576
- 690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 1. hæð, koma fyrir björgunaropi á fundaherbergi á norðvestur horni hæðar og skilti sett á vesturhlið húss á lóð nr. 9 við Grensásveg.  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðis- og eldvarnaeftirlits.
16. Grettisgata 49 (11.742.29) 101632 Mál nr.  
BN060619
- Lasse Vigh Jörgensen, Brúarás 11, 110 Reykjavík  
Vegna vöntunar á samþykktum aðaltekningum og viðamikilla endurbóta og viðhalds á burðarvirki er sótt um leyfi til þess að fá samþykktar reyndarteikningar af útliti og innra skipulagi einbýlishúss á lóð nr. 49 við Grettisgötu  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
17. Grettisgata 53A (11.742.26) 101629 Mál nr.  
BN060594
- Hlynur Sæmundsson, Grettisgata 53A, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja bíslag við vesturgafli timburhússins á lóð nr. 53A við Grettisgötu.  
Stækkun er: 14,3 ferm., 45,9 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Hafnarstræti 1-3 (11.400.05) 100817 Mál nr.  
BN060621  
531015-3040 Sæta svínið ehf., Hafnarstræti 1-3, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059102 þannig að hætt er við eldhús og verður megin áhersla lögð á áfengisveitingar, í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.  
Greinagerð brunahönnuðar dags. 20. febrúar 2022  
Gjald kr. 12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. Hafnarstræti 4 (11.402.04) 100829 Mál nr.  
BN060622  
Alexander Helgi Skjöldal, Grensásvegur 12, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að innrétta veitingastað í flokki II, tegund a. fyrir 130 gesti og bæta við útsogi út úr eldhúsi á suðurhlíð húss á lóð nr. 4 við Hafnarstræti.  
Stærð: Óbreytt.  
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg verkfræðistofu dags. 24. febrúar 2022.  
Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
20. Hallveigarstígur 1 (11.712.08) 101389 Mál nr.  
BN060354  
630316-0730 ALVA Capital ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN057663, þannig að íbúðir 0401, 0402 og 0403 munu uppfylla kröfu um algilda hönnun og íbúðir 0402 og 0403 munu hafa færanlega skábraut, en íbúð 0404 mun vera undanskilin ákvæðum um algilda hönnun, í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.  
Greinagerð um niðurfellingu á aðgengi fyrir íbúð 0404 dags. 25 febrúar 2022 fylgir.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi
21. Hofsvallagata 61 (15.431.09) 106418 Mál nr.  
BN060196  
Andri Freyr Þorgeirsson, Hofsvallagata 61, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að grafa frá suðaustur horni kjallara til þess að gera verönd, bæta við glugga og hurð á austurhlíð dagstofu, síkka glugga og gera hurð frá suðurhlíð eldhúss íbúðar 0001 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 61 við Hofsvallagötu.  
Erindi fylgir umsögn verkfræðistofunnar Eflu ehf um burðarvirki dags. 8. desember 2021, umboð eiganda til hönnuðar dags. 27. október 2021, samþykki íbúðareigenda áritað á afrit af uppdrætti Zeppelin arkitekta nr. 1.1.1 dags. 18. desember 2021 og yfirlit breytinga á A3 afritum að teikningum samþykktum 11. ágúst 1949.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr.

112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Holtsgata 13 (11.346.04) 100404 Mál nr. BN058721  
600416-0490 Creative Artists Iceland ehf., Holtsgötu 13, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að opnað er á milli rýma 0011 og 0012 sem tilheyra íbúð 0101 og komið fyrir salerni og kaffiaðstöðu í húsi á lóð nr. 13 við Holtsgötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. janúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
23. Hólmaslóð olíustöð 5 (10.854.01) 100005 Mál nr. BN060425  
660695-2069 Olíudreifing ehf., Pósthólf 4230, 124 Reykjavík  
590269-1749 Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir þegar gerðum rafmagnsskúr, sem er gámahús á steinsteyptum undirstöðum á landnúmeri 1000005, Hólmaslóð olíustöð 5.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
24. Hraunbær 133 (43.411.01) 227324 Mál nr. BN060161  
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059023 þannig að uppbyggingu veggja votrýmiskjarna er breytt, stærðum skyggna yfir aðalinngöngum er breytt, svalir eru stækkaðar og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús, mhl.01, á lóð nr. 133 við Hraunbæ.  
Stærðir:  
A-rými: 3.239.9 ferm., 10.068.2 rúmm.  
B-rými: 140.4 ferm..  
Erindi fylgir uppfærð teikningaskrá aðaltekninga dags. 28. október 2021 og afrit af innlögðum aðaluppdráttum sem yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
25. Hringbraut 119 (15.203.01) 105924 Mál nr. BN060583  
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN060523 er varða brunavarnir í matshluta 01 í húsi á lóð nr. 119 við Hringbraut.  
Stærð: Óbreytt  
Gjald kr.12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimulm og stofnerindi.

26. Hringbraut 50 (11.624.01) 101314 Mál nr. BN060614  
580169-1209 Grund, Hringbraut 50, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð elliheimilisins Grund, í húsi á lóð nr. 50 við Hringbraut.  
Gjald kr. 12.600  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. Hvammsgerði 7 (18.025.04) 107710 Mál nr. BN060637  
Árni Björnsson, Hvammsgerði 7, 108 Reykjavík  
Bryndís Ingibjörg Jónsdóttir, Hvammsgerði 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052653 vegna lokaúttektar, þ.e. gluggi á suðvestur hlið felldur út, útfærslu handrið svala breytt, gluggar við svalir síkkaðir, pallur suðvestur við hús stækkaður og aðstaða sorps færð að lóðarmörkum norðvestan við hús á lóð nr. 7 við Hvammsgerði.  
Stærð: Öbreytt.  
Gjald kr.12.600  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
28. Höfðabakki 1 (40.700.01) 110677 Mál nr. BN058901  
440110-0100 Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til þess að loka á milli rýma 0002 og 0003 með EI60 vegg, sameina rými 0003 og 0004 í rými 0003 og bæta við það iðnaðarhurð, stækka byggingu með því að gera nýtt rými 0004, lager- og geymsluaðstöðu undir bílastæði austan megin í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 1 við Höfðabakka.  
Stækkun: 146,3 ferm., 870,4 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 9. mars 2021, uppfærð greinargerð um brunahönnun dags. 25. mars 2021, yfirlit breytinga á afriti af teikningum stimpluðum 13. desember 2016 og 10. september 1987.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
29. Hörgshlíð 10 (17.301.05) 107335 Mál nr. BN060627  
Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á forsteyptum sökklum með samlokueggjum auk geymslu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð.  
Stærð mhl. 02: 63,0 ferm., 185,1 rúmm.  
